



Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 24. apríl 2017

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), 272. mál.**

Vísað er til ofangreinds frumvarps, 272. máls (hér eftir „**frumvarpið**“). Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“ eða „**SI**“) fagna því að stjórnvöld hugi að betra utanumhaldi með auðlindinni sjávargróður. Mikil þróun er í vinnslu sjávargróðurs og verðmætra efna úr þangi. Ef vel er haldið á málum getur atvinnugreinin vaxið héraðs, verðmæti afurða aukist og með góðri stýringu er hægt að tryggja sjálfbærni auðlindarinnar. Eftirfarandi eru athugasemdir SI við frumvarpið.

Samtökin telja að veiðigjaldið sem mælt er fyrir um í 8. gr. frumvarpsins kunni að vera of hátt. Í því tilliti benda samtökin á að sjávargróður fer í allt annað vinnsluferli en fiskur. Aðeins um 15 – 20% af þurrefni koma úr því sem er landað og fyrirhugað gjald fellur því þungt á aflaverðmætið. Afurðir frá Íslandi eru seldar erlendis og við erum í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði. Samkvæmt upplýsingum SI er gjaldið á Bretlandseyjum 80 evrusent – 1 evra á tonn ef þangið er notað í fóður. Æskilegt er að ekki sé gengið lengra héraðs. Með vísan til framangreinds, möguleika á aðgengi nýrra aðila að markaðnum og uppbyggingu þeirra sem þar eru fyrir, telja samtökin brýnt að löggjafinn sé vakandi fyrir því að gjaldið gæti reynst of hátt og taki það sérstaklega til skoðunar í síðasta lagi í lok árs 2018, þegar núgildandi lög um veiðigjöld nr. 74/2012 falla úr gildi.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði um forgang aðila með vinnslureynslu við fyrstu útgáfu leyfa, sbr. 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Fordæmi eru fyrir forgangsákvæðum sem þessum, til handa fyrirtækjum með ákveðna reynslu eða sem uppfylla tiltekin skilyrði. Þrátt fyrir að ákvæði sem þessi kunni að vera réttlætun í ákveðnum tilvikum fela þau í sér aðgangshindranir á markaði og skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja. Með vísan til þess og í samræmi við fordæmi telja samtökin rétt að beita meðalhófi og miða við raunverulegar magntölur frá vinnslu síðustu ára. Hafa ber í huga að ekkert er því til fyrirstöðu að sótt sé um meira magn en veittur er forgangur til.

Samtökin gera að lokum athugasemd við c-lið 5. gr. frumvarpsins (15. gr. c.), sbr. einnig 2. mgr. 7. gr., hvar kveðið er á um heimild ráðherra til að mæla fyrir um, með reglugerð, að enginn megi starfrækja stöð til móttöku þangs til þurrkunar og frekari vinnslu, í atvinnuskyni, frá tilteknum afmörkuðum svæðum nema hafa til þess leyfi Fiskistofu. Ráðherra ber að fá ráðgjöf frá Hafrannsóknarstofnun en að öðru leyti virðist ekki kveðið á um í hvaða tilvikum ráðherra sé heimilt að setja slíka reglugerð. Þannig er ráðherra veitt heimild til að takmarka atvinnufrelsi sem varið er í 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með nokkuð opnum og víðtækum hætti. Atvinnufrelsi er heimilt að setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 75. gr. stj.skr. Þannig ber löggjafanum að meta hverju sinni hvort nauðsynlegt sé, með vísan til



almannahagsmuna, að takmarka atvinnufrelsi og mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram koma takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar sem talin er nauðsynleg sbr. Hrd. 1996, bls. 2956. Að mati SI er hætt við því að fyrrgreind ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, feli í sér of víðtækt valdframsal til ráðherra.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink, reading 'Bryndís Skúladóttir', written over a horizontal line.

Bryndís Skúladóttir,  
sviðsstjóri framleiðslusviðs

A handwritten signature in blue ink, reading 'Eyrún Arnarsdóttir', written over a horizontal line.

Eyrún Arnarsdóttir,  
lögfræðingur